

þykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hofsóshrepps í Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. júní 1981.

Nr. 287.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 680 31. desember 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

1. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 og Viðauka B geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala:

- a) EUR. 1 flutningsskirteinis, hér á eftir kallað EUR. 1 skirteini,
- b) EUR. 2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hvernar sendingar ekki yfir 2 750 reikningseiningar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 og Viðauka B notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands við EBE án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

- a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 190 reikningseiningar,
- b) vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 550 reikningseiningar.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1981.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.